

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um stöðuna á viðskiptabankamarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur

1. Hver er afstaða viðskiptaráðherra til tillagna Samkeppnisstofnunar til að auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði, sem fram komu í ágúst sl. í tengslum við útgáfu skýrslu norræna samkeppnisyfirvalda um viðskiptabanka? Hyggst ráðherra beita sér fyrir framgangi tillagnanna með því að koma í veg fyrir aðgangshindranir að markaðnum, m.a. með niðurfellingu stimpilgjalds og afnámi uppgreiðslugjalds til að auðvelda að færa viðskipti milli banka?
2. Er ráðherra sammála því mati Samkeppnisstofnunar að nauðsynlegt sé að hugað verði að aðgangshindrunum að greiðslukerfum bankanna og sameiginlegu eignarhaldi banka og sparisjóða á greiðslukortafyrirtækjum?
3. Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að koma í veg fyrir vaxandi samþjöppun á íslenskum bankamarkaði sem orðið hefur sl. áratug og hyggst ráðherra eða Samkeppnisstofnun grípa til aðgerða sem auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði?